



Ad saumaskap er líka unnið í Bjarkarási, vinnuheimili Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra!

Sameiginlegt átak Lionsmanna til styrktar vangefnum

Rauða fjöðrin

Lionshreyfingin á Íslandi er 25 ára á þessu ári og á síðasta umdæmisþingi var ákveðið að minnst þessara tímamóta með sameiginlegu átaki allra Lionsklúbba, og með því að selja „Rauðu fjöðrina“ til styrktar vangefnum.

Vangefnir eru mjög útundan í þjóðfélaginu og margt skortir á aðbúnað þeirra. Menntun og aðstöðu þeim til handa er mjög áfátt og eins má nefna að þeir njóta nær engrar tannlæknaþjónustu. Söfnunarféna á að verja til tækja- og áhaldakaupa í öllum landshlutum. Nú hefur verið ákveðið að sala á „Rauðu fjöðrin“ fari fram dagana 9. 10. og 11. apríl.

Lionshreyfingin hefur áður gengist fyrir landssöfnun en þá var „Rauða fjöðrin“ seld í þágu sjónverndar. Var féna, sem nam um 5 milj. króna einkum varið til þess að byggja upp fullkomna aðstöðu fyrir augnsjúklinga á Landakotsspítalanum og einnig

voru keypt tæki til sjónprófunar sem dreift var um allt land til að leita að gláku á frumstigi, en gláka var þá langtum útbreiddari hér en í nágrannalöndum okkar.

Sölu á „Rauðu fjöðrin“ er þannig hættað að Lionsklúbbarnir skipuleggja sjálfir sölu á hver í sínu byggðarlagi og nágrenni þess. Á Íslandi eru nú starfandi 72 Lionsklúbbar og í þeim um 2600 félagar. Gert er ráð fyrir að gengið verði í flest hús á landinu.

Margvisleg verkefni biða nú úrlausnar fyrir vangefna en þeir eru nú um 1500 í landinu og aðeins er rúm fyrir 400 þeirra á stofnunum. Nauðsynlegt er að byggja skóla handa þessu fólki enda hægt að þjálfa það ótrúlega mikið ef byrjað er á unga aldri. Á Vestur- og Austurlandi eru engin heimili fyrir vangefna en viðkomandi aðilar á þessum stöðum hafa ákveðið að beita sér fyrir byggingu heimila fyrir þetta fólk.

Hjörleifur Sigurðsson formaður myndlistar- manna

Aðalfundur Félags ísl. myndlistarmanna var haldinn í Norræna húsinu 29. mars sl.

Í stjórn voru kjörin: Hjörleifur Sigurðsson, formaður, Björg Þorsteinsdóttir, ritari, Ragnheiður Jónsdóttir, gjaldkeri, Snorri Sveinn Friðriksson og Sigríður Björnsdóttir meðstjórnendur. Í sýningarnefnd voru kjörin: Asgerður Búadóttir, Hallsteinn



Hjörleifur Sigurðsson

Sigurðsson, Hafsteinn Austmann, Hringur Jóhannesson, Hrólfur Sigurðsson, Leifur Breiðfjörð, Sigrún Guðmundsdóttir og Þorbjörg Höskuldsdóttir.

A fundinum voru þrír nýir menn teknir í félagið.

Hljómsveitin Haukar

SKEMMTIR Í BENIDORM

á vegum Ferðamiðstöðvarinnar

Ferðamiðstöðin hefur á stuttum starfsferli einbeitt sér að ferðum til spænska smábæjarins Benidorm. Þar er hiti sagður meiri, verðlag lægra og sandurinn hvítari en víðast hvar annars staðar á sólarströndum þess lands.

Fyrirtækið hefur nú ákveðið að gera meira en að senda ferðalanga þangað. Í ferð sem farin

verður 25. þessa mánaðar verður hljómsveitin Haukar með á vegum fyrirtækisins til skemmtunar löndum og öðrum sem þar kunna að vera.

Þessi vinsæla hljómsveit mun dveljast ytra í 18 daga og skemmta á hinum ýmsu stöðum sem Benidorm og Ferðamiðstöðin hafa upp á að bjóða þar syðra, flest eða öll kvöld, meðan á dvölinni stendur. —hm.

Sálumessa Verdis á Sinfóníutónleikunum

Í dag fimmtudaginn 8. apríl, kl. 20:30, verða 14. áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands haldnir í Háskólabíói, en Sinfóníuhljómsveitin og Filharmoníukórinn standa saman að þessum tónleikum.

A efnisskrá að þessu sinni

verður Sálumessa Verdis. Verdi samdi Sálumessuna í minningu þjóðarskálds ítala, Alessandro Manzoni. Stjórnandi þessara tónleika er Karsten Andersen. Einsöngvarar eru Frýdís Klausberger, Rut Magnússon, Magnús Jónsson og Guðmundur Jónsson. Söngstjóri

Filharmoníukórsins er Jón Asgeirsson.

Tónleikarnir verða endurteknir laugardaginn 10. apríl kl. 14:00.

Aðgöngumiðar að báðum tónleikunum eru seldir hjá Bókaverzlun Lárusar Blöndal og Sígúsar Eymundssonar.



Frá æfingu í gærmorgun.

Leigan fyrir Ver á mánuði hverjum er

3 miljónir kr.

Togarinn Ver, sem landhelgisgæslan tók á leigu á dögunum, er leigður henni fyrir 3 milljónir króna á mánuði, að sögn Baldurs

Möller, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Sagði Baldur að þessu til viðbótar greiddi ríkissjóður að sjálf-

sögðu tryggingar af skipinu svo og allan annan reksturskostnað.

Af hálfu leigusala var sett það skilyrði, að leigutíminn yrði í það minnsta 6 mánuðir.

Kammersveit í heimsókn

Í boði Kammersveitar Reykjavíkur kemur hingað á laugardaginn München Akademie Kammerorchester í konsertfö. Vestur-þýska sendiráðið, Gísli Sigurbjörnsson, Wolfgang Stross og Flugleiðir greiddu götu sveitarinnar hingað. Þetta er fyrsta tónleikahald hennar utan Þýskalands.

Kammersveit þessa stofnaði stjórnandinn, A. Ginthör, fyrir

einu og hálfu ári. Megin þorri hljómsveitarmanna er enn við nám í Staatliche Hochschule für Musik og Richard Strauss Konservatorium í München. Asamt nokkrum félögum, sem þegar hafa lokið burtfararprófi, og nú starfa hjá Sinfóníuhljómsveit bayerska Ríkisútvarpsins og Filharmoníusveit Münchenar, myndar flokkur þessi átján manna Kammersveit, sem hefur

getið sér gott orð fyrir tónleika í heimalandi sínu.

Fyrstu tónleikarnir hér verða í Háteigskirkju á sunnudaginn kl. 17. Tólfra apríl verður leikið á Dalvík, 13. á Akureyri, 14. á Húsavík, en páskana verður leikið í Kristskirkju kaþólskra. Eftir páska verður leikið í Hveragerði og tónleikahaldinu lýkur á konsert í Félagsheimili Sel-tjarnarness þann 24.

